



SAMKEPPNISSTOFNUN

23. febrúar 2005

Fréttatilkynning

Tryggingafélögin þurfa að greiða 60,5 milljónir kr. í stjórnvaldssekt vegna ólögmæts verðsamráðs

Á fundi sínum í dag komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (SA) hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með því að hafa átt í verðsamráði við Tryggingamiðstöðina hf. (TM) og Vátryggingafélag Íslands (VÍS). Forsaga málsins er sú að í júlímánuði árið 2002 leitaði til Samkeppnisstofnunar fyrirtæki sem starfar við bifreiðaréttingar og -sprautun og kvartaði yfir aðgerðum sem tryggingafélögin höfðu gripið til í tengslum við að taka upp nýtt kerfi við mat á bifreiðatjónum, svokallað Cabas-kerfi. Fyrirtækið hélt því fram að tryggingafélögin ákvæðu einhliða það einingaverð sem þau væru tilbúin að greiða bifreiðaverkstæðum fyrir viðgerðir. Verðið væri það sama hjá öllum félögunum og það benti til samráðs þeirra.

Í ákvörðun samkeppnisráðs er úrskurðað um þátt SA í máli þessu. Áður hafði samkeppnisráð gert sátt við VÍS og TM, sem nánari grein er gerð fyrir hér á eftir.

Í ákvörðun samkeppnisráðs er frá því greint að tryggingafélögin þrjú hafi ásamt fleirum unnið að því frá árinu 1999 að taka upp umrætt Cabas-kerfi. Þessu kerfi er ætlað að staðla þá vinnu sem fram fer við tjónamat og byggist á fyrirfram ákveðnum einingum í stað huglægs mats sem áður tíðkaðist. Nánar tiltekið er um að ræða reiknikerfi sem notað er til að meta fjölda áætlaðra vinnustunda við viðgerð ökutækja sem hafa orðið fyrir tjóni. Tjónakostnaður er fundinn út með því að meta tjónið í Cabas-kerfinu til ákveðinna eininga, þannig að t.d. teljast skipti á bretti á bifreið af ákveðinni tegund ákveðinn fjöldi eininga. Upplýsingar um hve margar einingar tiltekin tjón á ökutæki reiknast vera, eru að mestu staðlaðar í samræmi við niðurstöður mælinga sem gerðar hafa verið af sænskum seljendum kerfisins. Almennt er ætlast til þess að verð á hverri Cabas-einingu sé samningsatriði milli verkstæðis og tryggingafélags.

Í ákvörðun sinni gerir samkeppnisráð ekki athugasemd við að tryggingafélögin hafi tekið Cabas-tjónamatskerfið í notkun. Í ákvörðun ráðsins kemur hins vegar fram að tryggingafélögin hafi á árinu 2002 brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með tilteknu verðsamráði í tengslum við að taka kerfið í notkun. Samráðið fólst í eftirfarandi:

- Tryggingafélögin gerðu sameiginlega samanburð á Cabas-kerfinu og eldra tjónamatsfyrirkomulagi. Telur samkeppnisráð að í þessari samvinnu hafi falist samráð tryggingafélaganna um að meta hækkunarþörf á tímagjaldi verkstæða og með því hafi félögin brotið gegn banni samkeppnislaga um verðsamráð.



- Samkeppnisráð telur að tryggingafélögin hafi í kjölfar framangreinds samanburðar komið sér saman um viðmiðunarverð sem þau hafi ætlað að nota í samningaviðræðum við verkstæði um verð á Cabas-einingu.
- Telur samkeppnisráð að tryggingafélögin hafi einnig í kjölfar samanburðar á eldra matsfyrirkomulagi og Cabas-kerfinu haft samráð um kaupverð á viðgerðarþjónustu af P. Samúelssyni ehf. sem rekur eitt stærsta bifreiðaverkstæði landsins.

Samkvæmt ákvörðun samkeppnisráðs er SA gert að greiða 27 milljónir króna í stjórnvaldssekt vegna þessara brota.

Í byrjun janúar sl. óskaði VÍS eftir viðræðum við samkeppnisyfirvöld um að ljúka þessu máli með sátt. Lauk þeim viðræðum með undirritun sáttar þann 13. janúar sl. Eftir að TM og SA höfðu verið upplýst um þessa sátt óskaði TM einnig eftir slíkum viðræðum og lauk þeim með gerð sáttar þann 4. febrúar sl. Í sátt samkeppnisráðs við VÍS og TM felst í aðalatriðum að félögin gangast við því að hafa ásamt SA haft með sér ólöglegt samráð í tengslum við að taka upp Cabas-kerfið. Fellst VÍS á að greiða 15 milljónir í stjórnvaldssekt en TM 18,5 milljón kr. Að mati samkeppnisráðs er eðlilegt að VÍS og TM greiði lægri sektarfjárhæð en SA sökum þess að félögin óskuðu eftir og gerðu sátt um málið við samkeppnisráð og með því aðstoðuðu þau við að upplýsa þessi brot. Mikilvægt er að fyrirtæki hafi hvata til að vinna með samkeppnisyfirvöldum að þessu leyti. Þá bendir samkeppnisráð á að mismunur á sektarfjárhæð VÍS og TM helgast af því að VÍS er umbunað fyrir að hafa fyrst félaganna náð sátt um málið við samkeppnisyfirvöld. Ekki er um ræða mismunandi hlutdeild eða sök tryggingafélaganna í máli þessu.

Ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 9/2005 má finna á vefslóð Samkeppnisstofnunar; www.samkeppni.is